

## Dómsorð:

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs greiði stefnanda, Sigurbjörgu E. Levý f. h. ólögráða kjördóttur hennar, Eddu Stefaniú Levý, kr. 113.744.00 auk 7% ársvaxta frá 13. desember 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kr. 18.500.00 í málskostnað. Þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda kr. 18.000.00, en ríkissjóður kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. apríl 1968.

Nr. 204/1967. **Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar**

(Bárður Jakobsson hrl.)

gegn

**Trausta Hermannssyni**

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 11. september 1967. Það áfrýjunarmál var fellt niður með útivistardómi 4. desember 1967. Áfrýjandi hefur samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjað málinu af nýju með stefnu 27. desember 1967. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Stefndi, sem sagt hafði upp starfa sínum hjá áfrýjanda, Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar, frá 31. janúar 1966, hvarf úr þjónustu áfrýjanda hinn 18. nóvember 1965 samkvæmt skipun nafngreinds verzlunarmanns, sem falin hafði verið „yfirmsjón í verzluninni“ í fjarveru eigandans, Jóns Ö. Bárðarsonar, sem hefur staðhæft, að umræddur starfsmaður hafi enga heimild haft til að segja upp starfsfólki. Er stefndi, sem hafði talið sig verða að hlíta brottvikningunni, nokkru síðar innti Jón Ö. Bárðarson „eftir ástæðum fyrir uppsögninni“, svaraði Jón að eigin sögn því til, „að hann hefði engin fyrir-mæli gefið um það, að“ stefnda „yrði sagt upp. Hins vegar hefði“ stefndi „hagað sér svo í sínum störfum, að full ástæða væri til þess“. Jafnframt bauð Jón stefnda að taka starf sitt upp af nýju og gegna því til loka uppsagnarfrests þess, er áður getur, en stefndi neitaði því vegna greindra ummæla Jóns. Ummæli þessi eru ósönnuð og svo móðgandi í garð stefnda, að honum var rétt að hafna því tilboði að hverfa aftur til starfa síns á vegum áfrýjanda, sbr. 4. tölulið 24. gr. laga nr. 22/1928. Að svo vöxnu þykir stefndi eiga rétt til fébóta úr hendi áfrýjanda.

Í héraði sundurliðaði stefndi kröfu sína þannig:

1. Föst laun tímabilið 18. nóvember 1965 til 31. janúar 1966 samkvæmt kjarasamningi kr. 18.240.00
2. Yfirvinnukaup nefnt tímabil . . . . . — 10.900.00
3. Miskabætur . . . . . — 10.000.00

---

Samtals kr. 39.140.00

*Um 1. lið.* Kröfulið þessum er eigi andmælt, að því er fjárhæð varðar, og ber að taka hann til greina að fullu.

*Um 2. lið.* Stefndi hefur lagt fram vottorð verzlunarmanns áfrýjanda, Finns V. Magnússonar, þess efnis, að honum hafi verið greiddar fyrir yfirvinnu frá 18. nóvember 1965 til 31. janúar 1966 kr. 10.900.00. Áfrýjandi hefur ekki andmælt vottorði þessu. Í varnarskjali í héraði kveður áfrýjandi kröfu stefnda um yfirvinnukaup hins vegar órökstudda, „því að það er ekki sönnun fyrir því, hver eftirvinna stefn-

anda hefði orðið, að annar starfsmaður fékk tiltekna upphæð fyrir yfirvinnu yfir það tímabil, sem hér um ræðir“. Stefndi hefur eigi flutt fram frekari gögn til stuðnings þessum kröfulið en greint vottorð Finns verzlunarmanns, en eigi er í ljós leitt, að hann hafi verið staðgengill stefnda á vegum áfrýjanda. Þá er fram komið, að eigi hafi verið samið um fasta yfirvinnu. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til, að krafa stefnda samkvæmt þessum lið verði til greina tekin.

*Um 3. lið.* Hér fyrir dómi kemur kröfuliður þessi ekki til álita, þar sem héraðsdómi hefur eigi verið gagnáfrýjað.

Eigi er fram komið, hverjar tekjur stefndi hafði frá öðrum en áfrýjanda á uppsagnarfresti sínum. Þegar að svo vöxnu kemur lækkun bóta til handa stefnda af slíku efni eigi til álita.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda kr. 18.240.00 ásamt vöxtum, eins og síðar greinir, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 10.000.00.

### Dómsorð:

Áfrýjandi, Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar, greiði stefnda, Trausta Hermannssyni, kr. 18.240.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 16 ágúst 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Ísafjarðar 13. júlí 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 13. júlí, var á bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í borgarfégetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfégeta kveðinn upp dómur í máli þessu, sem þingfest var 5. september 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Trausta Hermannssyni verkamanni, Pólgötu 6, Ísafirði, með stefnu, útgefinni 3. ágúst 1966, gegn Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar, Ísafirði, til heimtu á launum fyrir þriggja mánaðauppsagnarfrest, að frádregnum 18 dögum, að fjárhæð kr.

39.140.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær dómkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Stefndi lýsti yfir, að hann gerði ekki athugasemdir við formlið málsins.

Ákveðið var, að málið skyldi flutt skriflega.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi réðst 20. október 1964 til starfa í matvöruverzlun stefnda sem afgreiðslumaður. Hann vann þar til 18. nóvember 1965, að Rolf Kutscher, verzlunarstjóri stefnda, rak hann úr vinnunni. Áður hafði stefnandi sagt upp starfi sínu frá og með 1. nóvember s. á. með þriggja mánaða uppsagnarfresti, og bar honum samkvæmt því að vinna hjá stefnda til 31. janúar 1966. Stefnandi og stefndi eru sammála um það, að stefndi hafi sett Rolf Kutscher yfir matvöruverzlunina og sagði starfsfólkinu, að það ætti að hlýða honum í einu og öllu varðandi starfið. Rolf skýrði frá því, að hann hafi talið sig verzlunarstjóra og þess vegna haft vald til að ráða og reka starfsfólk, ef svo bæri undir.

Þegar stefnanda var sagt upp starfinu, var stefndi í Reykjavík, og fór stefnandi á hans fund, nokkru eftir að hann kom heim, til að inna hann eftir ástæðum fyrir brottvikningunni. Bauðst stefndi þá til að láta stefnanda vinna út uppsagnarfrestinn, en nefndi jafnframt, að hann væri slakur til vinnu. Taldi stefnandi eftir þessi ummæli sér ekki fært að hefja aftur vinnu hjá stefnda.

Höfðaði hann síðan mál þetta til bóta fyrir fyrirvaralausa brottvikningu úr starfinu. Nokkur vitni hafa verið leidd í málinu. Þeir Júlíus Guðmundsson, Gunnlaugur Magnús Einarsson og Finnur Veturliði Magnússon störfuðu samtímis stefnanda hjá stefnda. Þeir voru um það spurðir, hvort stefnandi hefði verið óstundvís til vinnu, hvernig störf hans og framkoma hefði verið og hvort kvartað hefði verið til stefnda um störf hans og hegðun. Öll vitnin svöruðu því til, að stefnandi hefði ekki verið óstundvísari en almennt gerðist og ekkert þeirra hefði kvartað undan hegðun eða störfum stefnanda til stefnda, og öll töldu þau, að stefnandi hefði ekki verið slakari til vinnu en almennt gerðist. Vitnið Finnur Veturliði Magnússon tók fram, að stefnandi hefði

leyst störf sín ágætlega af hendi, og kvaðst ekki minnst þess, að hann hefði verið sérstaklega óstundvís. Vitnið kvaðst aldrei hafa kvartað yfir stefnanda við stefnda.

Stefndi hefur fyrir dóminum viðurkennt, að hann hafi falið Rolf Kutscher, sem þá var verzlunarmaður hans, að hafa yfirmensjón með verzluninni, meðan hann væri í burtu, og sjá um rekstur hennar. Hins vegar hafi Rolf ekki haft prókúruumboð eða heimild til að segja upp starfsfólki og hann hafi ekki gefið nein fyrirmæli um að segja stefnanda upp. Engu að síður taldi stefndi, að full ástæða hafi verið til að segja stefnanda upp starfinu vegna hegðunar hans í því. Rökstuddi stefndi þá fullyrðingu sína með því, að stefnandi hefði mætt óstundvíslega til vinnu og ekki látið af því þrátt fyrir áminningar. Þá hafi stefnandi ekki sýnt ástundun við vinnu sína og starfsfólkið oft kvartað yfir því við stefnda. Einnig hafi stefnandi eitt sinn ásamt tveimur samstarfsmönnum sínum neytt áfengis í vinnunni. Stefndi heldur því enn fremur fram, að stefnandi eigi engan rétt til bóta, þar sem hann hafi unnið annars staðar og fengið laun þar og þess vegna ekki orðið fyrir sannanlegu tjóni og Rolf Kutscher hafi án nokkurrar heimildar vikið stefnanda úr starfi.

Eins og áður getur, taldi Rolf sig hafa haft fulla heimild sem verzlunarstjóri til að víkja stefnanda úr starfi og hafi hann gert það, þar sem hann taldi stefnanda ekki vinna verk sín nógu vel. Kvaðst hann hafa verið orðinn leiður á vinnubrögðum stefnanda og hafi þau farið síversnandi síðustu dagana.

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa í eitt skipti neytt lítils háttar áfengis af sérstöku tilefni í starfstíma verzlunarinnar ásamt tveimur samstarfsmönnum sínum, en ekki fundið til áfengisáhrifa. Hann kvaðst ekki minnst þess að hafa nokkurn tíma verið áminntur um óstundvísi, og neitaði því eindregið að hafa látið fólk bíða eftir afgreiðslu og hafa verið slakur til vinnu.

Kröfugerð sína sundurliðar stefnandi þannig:

- Mánaðarkaup kr. 7.600.00 í tvo mánuði, samtals kr. 15.200.00, og tíu dagar í nóvember 1965, hver dagur á kr. 304.00, alls kr. 3.040.00, eða samtals kr. 18.240.00.
- Eftirvinnukrafa, kr. 10.900.00, byggð á dómsskj. nr. 5, yfirlýsingu samstarfsmanns hans um þá eftirvinnu, sem hann hafði þann tíma, sem um ræðir.
- Miskabætur, kr. 10.000.00, vegna vansæmdar og álitshnekkis, sem verzlunarstjórinn og stefndi bökuðu honum með fyrirvaralausri brottvikningu úr starfinu.

Samtals nema því stefnukröfurnar auk vaxta og kostnaðar kr. 39.140.00.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort litið verður svo á, að Rolf Kutscher hafi haft heimild til að víkja stefnanda úr starfi.

Eftir því sem að framan getur, verður að telja sannað, að stefndi hafi ráðið Rolf sem verzlunarstjóra að verzluninni og hafi stefnandi því haft fulla ástæðu til að telja, að hann yrði að hlíta uppsögninni.

Liggur þá fyrir að athuga, hvort stefnanda hafi verið vikið úr starfi án saka. Vitni þau, sem leidd hafa verið, hafa skýrt frá því, að stefnandi hafi ekki verið óstundvísari eða vanrækt starf sitt frekar en almennt gerist, og eitt vitnanna kvað hann hafa leyst störf sín ágætlega af hendi og ekki minnst þess, að hann væri sérlega óstundvís. Gegn neitun stefnanda og vætti vitna verður ekki talið sannað, að stefndi hafi áminnt stefnanda fyrir óstundvísi eða fundið að störfum hans.

Samkvæmt því, er að framan greinir, verður að telja, að stefnandi hafi ekki verið svo óstundvís eða sýnt svo vítaverða vanrækslu í starfi, að hann hafi gerzt brotlegur gagnvart vinnuveitanda sínum. Stefndi bauð stefnanda að hefja aftur vinnu og að vinna uppsagnarfrestinn á enda. Hafnaði hann því. Eins og á stóð, verður að líta svo á, að stefnandi hafi ekki af þeim sökum glatað rétti til bóta úr hendi stefnda.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 91/1965, sem uppkveðinn var 7. 2. 1966, er að því vikið, að hafi starfsmanni verið vikið fyrirvaralaust og án saka úr starfi, að þá sé eigi efni til þess, að sá, sem vikur manni úr starfi og er því skaðabótaskyldur, hafi, hvernig sem á stendur, hag af því, þótt þeim, sem ranglega var upp sagt, takist á þeim uppsagnartíma, sem honum bar, að vinna sér nokkrar tekjur.

Verður að líta svo á, að það rýri ekki rétt stefnanda til bóta, þótt hann kunni að hafa haft tekjur annars staðar, meðan á uppsagnarfrestinum stóð.

Kröfufjárhæðinni hefur ekki verið mótmælt tölulega, hvorki mánaðarkaupinu né eftirvinnukaupinu, ef aðalkrafan væri á rökum reist. Hins vegar hefur stefndi mótmælt miskabótunum.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða máls þessa sú, að dæma ber stefnanda úr hendi stefnda bætur, sem svara til kaups þess, sem hann mundi hafa fengið, ef honum hefði ekki verið vikið úr starfi, en á hinn bóginn verður krafa stefnanda um miskabætur ekki tekin til greina, enda hefur hann ekki fært

líkur fyrir, að hann hafi beðið neitt frekara tjón af uppsögninni.

Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 29.140.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 4.000 krónur, og ber að dæma stefnda til að greiða hann.

Dómsorð:

Stefndi, Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar, greiði stefnanda, Trausta Hermannssyni, kr. 29.140.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags og 4.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1968.

Nr. 217/1966. **Einar Jónasson**

**Guðmundur Stefánsson**

**Friðrik Á. Magnússon f. h.**

**dánarbús Magnúsar Ólafssonar**

**Valdimar Björnsson**

**Guðrún Þorsteinsdóttir**

**Björn Þorleifsson**

**Guðrún Þorleifsdóttir og**

**Bjarnfríður Sigurðardóttir**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

**Bæjarstjóra Keflavíkur f. h. bæjarins**

**og gagnsök**

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Landsafnot. Hefð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1966 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði